

Nd.

208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu framboðendur á lista, þeir er ekki ná kosningu, vera varamenn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmalaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmalaflokki og aðahmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmalaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.